

Nr. 71

118

25. febrúar 1983

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu hækka um 14.74% frá og með 1. mars 1983 frá því sem þær voru í febrúar 1983.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. febrúar 1983.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 72

1. mars 1983

REGLUGERÐ

um breyting á reglum um ferðakostnað sjúklinga innanlands nr. 70/1982.

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Endurgreiðsla sjúkrasamlaga

Sjúklingur skal framvísa læknisvottorði eftir hverja ferð. Eftir að önnur ferðin er farin endurgreiðir sjúkrasamlag fyrstu ferð að frádregnum 300 krónum en síðari ferðir að frádregnum 150 krónum. Til endurgreiðslu reiknast fargjald eins og það er með venjulegum áætlunarferðum á hverjum tíma. Ef ætla má, að raunverulegur ferðakostnaður sé lægri, skal miða við hann.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 15. mars 1983.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. mars 1983.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.